

## Efni: Umsögn - Stjórnarfrumvarp um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni), þskj. 490 – 350. mál, 152. löggjafarþing 2021–2022.

Lagt er til í 4. gr. frumvarpsins að 1. mgr. 15. gr. b laganna hljóði svo:

*Nýting sjávargróðurs.*

Um heimild til þangsláttar í fjöru eða netlögum sjávarjarðar fer samkvæmt samkomulagi við ábúanda eða landeiganda. Er nægilegt að meiri hluti eigenda eða fyrirsvarsmáður skv. 1. mgr. 9. gr. jarðalaga, nr. 81/2004, veiti samþykki sé það ekki til lengri tíma en tíu ára.<sup>1</sup>

Eins og Æðarræktarfélag Íslands gerði grein fyrir í athugasemdum sínum þegar frumvarpið var í samráðsgátt haustið 2020 telur það að ekki standi efni til að kveða á um að nægjanlegt sé að aðeins meirihluti eigenda geti gert skuldbindandi samninga um þangslátt.<sup>2</sup> Slíkt ákvæði gengur miklu lengra en ólögfestar meginreglur um ákvarðanir eigenda slíkra óskiptra sameigna og lengra en t.d. 1. mgr. 9. gr. jarðalaga nr. 81/2004 sem byggir á því að allir sameigendur séu sammála um hvern skuli tilnefna sem fyrirsvarsmann þeirra.<sup>3</sup> Má nefna í þessu sambandi að nýverið við breytingar á lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði þótti ekki efni standa til að lögfesta að nægjanlegt væri að meirihluti sameigenda eða ábúanda veiðijarðar kæmu sér saman um hver færi með atkvæði jarðarinnar og niðurstaðan varð að í stað samþykkis allra væri nægjanlegt að 2/3 þeirra kæmu sér saman í þessu efni.<sup>4</sup>

Erla Friðriksdóttir, varaformaður Æðarræktarfélags Íslands

<sup>1</sup> Í greinargerð með ákvæðinu segir:

Í greininni er meðal annars kveðið á um að um þangslátt í fjöru eða netlögum sjávarjarðar fari samkvæmt samkomulagi við ábúanda eða landeiganda. Tekið er fram að nægilegt sé að meiri hluti eigenda veiti vilyrði sitt, sé það ekki til lengri tíma en tíu ára, enda verður ekki talið að um óvenjulega eða meiri háttar ráðstöfun sé að ræða heldur hefðbundna hlunnindanýtingu. Hafi verið tilnefndur fyrirsvarsmáður fyrir jörð sem hér um ræðir samkvæmt jarðalögum mundi stöðumboð hans teljast nægilegt, enda varðar ráðstöfun sem þessi rekstur og hagsmunagæslu.

<sup>2</sup> Úr umsögn við frumvarpið þegar það var í samráðsgátt haustið 2020

Jafnframt skal bent á að í drögum að ákvæðinu segir:

Um þangslátt innan stórstraumsljöruborðs sjávarjarðar fer samkvæmt samkomulagi við ábúanda eða landeiganda. Er nægilegt að meiri hluti eigenda veiti vilyrði sitt.

Samkvæmt almennum reglum eignarréttar gildir sú meginregla um sérstaka sameign að samþykki allra sameigenda þarf til óvenjulegra ráðstafana og ráðstafana sem eru meiriháttar þótt venjulegar geti talist. Ákvarðanir um þangslátt eru án efa meiriháttar ákvarðanir sem að óbreyttu eru háðar samþykki allra sameigenda. Er engin efni til að kveða á um aðra reglu í lögnum og kveða þarf á um að gera skuli skriflegan samning við landeigendur. Enn er svo farið að í tillöggunni er ekkert víkið að ástæðum þess að breyta eigi út frá grundvallareglum sem gilt hafa um sérstaka sameign en í stað þess kveðið á um óljós hugtök um „samkomulag“ og „vilyrði“.

<sup>3</sup> Ákvæði 1. mgr. 9. gr. jarðalaga nr. 81/2007 um fyrirsvar jarða í sameign o.fl. hljóðar svo:

Ef eigendur jarðar eða annars lands sem lög þessi gilda um eru fleiri en þrír fjárráða einstaklingar eða lögaðili er þeim skylt að tilnefna fyrirsvarsmann sem hafi umboð til að koma fram fyrir hönd annarra eigenda jarðarinnar við úrlausn mála sem lúta að réttindum og skyldum eigenda, taka ákvarðanir um daglegan rekstur og hagsmunagæslu vegna sameignarinnar, minni háttar viðhald og viðgerðir, svo og bráðnaðsynlegar og brýnar ráðstafanir sem ekki þola bið.

Í nefndaráli meirihlutans voru lagðar til til breytingar á því ákvæði frumvarps til jarðalaga sem kvað á um að skylt væri að stofna félag um jarðir þegar eigendur eru fleiri en einn.

Algennt er að eignaradild að jörðum sé orðin mjög dreifð og því erfitt að ná til þeirra sem eiga þær. Á það sérstaklega við þegar jarðir eru ekki lengur í ábúð. Þrátt fyrir það telur meiri hlutinn varhugavert að skylda menn til að stofna með sér félag um rekstur jarðar og til aðildar að því en telur þó að það geti verið til einföldunar og hagræðis fyrir eigendur jarða sem og þá sem þurfa að eiga í lögskiptum við þá, svo sem opinbera aðila, sérstaklega varðandi brýnar ráðstafanir sem ekki þola bið. Leggur meiri hlutinn því til að ákvæðinu verði breytt þannig að ef eigendur eru fleiri en þrír fjárráða einstaklingar eða lögaðili sé þeim skylt að tilnefna fyrirsvarsmann sem hafi umboð til að koma fram fyrir hönd annarra eigenda jarðarinnar við úrlausn mála sem lúta að réttindum og skyldum eigenda, taka ákvarðanir um daglegan rekstur og hagsmunagæslu vegna sameignarinnar, minni háttar viðhald og bráðnaðsynlegar og brýnar ráðstafanir sem ekki þola bið. Þinglýsa skal tilkynningu um fyrirsvarsmann á viðkomandi fasteign og tilkynningum um breytingar á fyrirsvarsmönnum.

Breytingin sem lögð er til á 15. gr. er til einföldunar og hagræðis þar sem ekki er unnt að leggja það á sveitarstjórnir að fylgjast með aðilaskiptum að jörðum þegar lögaðilar eiga jarðir enda getur verið um stór almenningshlutafélög að ræða og því erfitt að fylgjast með breytingum á eignarhaldi þeirra.

<sup>4</sup> L. 52/2021, 2. gr.